

Aukafundur stjórnar og stofnfulltrúa Menningarfélagsins Bergs ses, haldinn í Menningarhúsinu Bergi þriðjudaginn 6. Desember. Fundur hófst kl. 15:00.

Fundinn sitja Björn Friðbjólfsson fulltrúi KEA og Tréverks, Guðrún Pálína Jóhannsdóttir, fulltrúi Dalvíkurbyggðar, Jónas Pétursson fulltrúi Landsbankans, Freyr Antonsson fulltrúi Ferðatrölla og formaður Menningarfélagsins Bergs ses, Helga Kristín Sæbjörnsdóttir framkvæmdastjóri Menningarfélagsins Bergs ses, Lovísa María Sigurgeirsdóttir og Dóróþea Reimarsdóttir, fulltrúar í stjórn Menningarfélagsins Bergs ses. Fundurinn telst lögmaður þar sem 81,25% stofnaðila sitja fundinn.

Efni fundarins:

### **1. Ákvörðun um að Dalvíkurbyggð taki yfir rekstur Menningarhússins Bergs ses.**

Freyr stiklaði á ferli málsins frá síðasta aðalfundi. Hann fór yfir tillögur stjórnar til Dalvíkurbyggðar sbr. fundargerð frá 115. fundi Menningarfélagsins Bergs ses. og viðbrögð sveitarfélagsins við þeim.

Björn spurði um aðkomu KPMG varðandi mat á eignum og hvort eignir félagsins væru til skráðar. Formaður kvað svo vera og nefndi sérstaklega búnað í eldhúsi sem félagið keypti árið 2020. Guðrún Pálína benti líka á 6. gr. í afnotasamningi milli Dalvíkurbyggðar er varðar þann búnað sem Dalvíkurbyggð afhenti með húsinu árið 2010. Hún sagði KPMG þegar vera farið að vinna að úttekt og mati á verðmæti búnaðarins að beiðni Dalvíkurbyggðar.

Nokkrar umræður urðu um hvernig bilið verður brúað þar til fastur rekstraraðili hefur tekið yfir reksturinn. Eftir er að semja um fyrirkomulag á því.

Stofnaðilar sem fundinn sátu samþykkja ákvörðun stjórnar um að Dalvíkurbyggð taki yfir rekstur Menningarfélagsins Bergs ses frá og með næstu áramótum.

### **2. Nauðsynlegar breytingar á skipulagsskrá Menningarfélagsins Bergs ses**

Með fundarboði fylgdu drög að breytingum á skipulagsskránni vegna fyrirhugaðrar yfirtöku Dalvíkurbyggðar á rekstri Menningarhússins Bergs. Nokkrar umræður urðu um breytingartillögurnar og tillagan sem fylgdi fundarboði dregin til baka en eftirfarandi breytingar lagðar til á 3., 6., 9. og 11. grein skipulagsskrárinnar:

3. gr. hljóði svo: Tilgangur Menningarfélagsins Bergs ses er að skapa umgjörð utan um hvers konar menningarstarfsemi í Dalvíkurbyggð.

6. gr. verði óbreytt að öðru leyti en því að 1. liður fellur niður og aðrir liðir færast upp um einn.

9. gr. Eftirfarandi setning verði felld brott: „Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi Menningarhússins Bergs sé í réttu og góðu horfi“.

11. gr. hljóði svo: Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra, ef þörf er á, og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri/formaður hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri Menningarfélagsins Bergs ses. og kemur fram fyrir hönd þess. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs að höfðu samráði við stjórn. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt. Framkvæmdastjóra/formanni ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsin sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Breytingar á 3., 6., 9. og 11. grein skipulagsskrárinnar samþykktar með atkvæðum allra fundarmanna.

### **3. Framtíð Menningarfélagsins Bergs ses**

Stjórninni falið að afla upplýsinga hvaða leiðir eru færar varðandi framtíð Menningarfélagsins Bergs ses. og móta tillögur þar um.

Fundi slitið kl. 16:15.